

**BORGARRÁÐ 14. september 2023: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um birtingu fundargerða Orkuveitu Reykjavíkur – MSS23010018**

Rúmir þrjú mánuðir eru nú liðnir síðan fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur var síðast lögð fyrir borgarráð, þ.e. 8. júní. Var þar um að ræða fundargerð stjórnar OR frá 22. maí og er það jafnframt síðasta fundargerð, sem birt hefur verið á heimasíðu félagsins. Hefur stjórn félagsins þó fundað a.m.k. þrisvar sinnum frá því í maí.

Í febrúar 2008 samþykkti stjórn Orkuveitu Reykjavíkur tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að fundargerðir stjórnar félagsins yrðu gerðar opinberar og birtar á heimasíðu fyrirtækisins. Hefur því verklagi verið fylgt síðan og er þannig löng hefð fyrir því að fundargerðir stjórnar Orkuveitunnar séu gerðar opinberar, birtar á heimasíðu félagsins og jafnframt lagðar fram í borgarráði Reykjavíkur. Spurt er:

1. Af hverju hefur verið brotið gegn skýrri samþykkt stjórnar Orkuveitunnar um að fundargerðir hennar skuli birtar sem og gegn ákvæði í eigendastefnu um að OR skuli vera til fyrirmyndar um upplýsingagjöf til almennings?
2. Hver ber ábyrgð á þessari ákvörðun?
3. Hefur stjórn Orkuveitunnar tekið einhverjar ákvarðanir undanfarna þrjú mánuði, sem ekki er talið æskilegt að almenningur, borgarfulltrúar og fjölmiðlar fái vitneskju um?
4. Óskað er eftir því að bætt verði úr þessari upplýsingatregðu með því að umræddar fundargerðir verði tafarlaust lagðar fyrir borgarráð og þær jafnframt birtar á heimasíðu Orkuveitunnar eins og löng hefð er fyrir.